

HÚSÖNDIN

61.tbl. 2.árg.
8.maí 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir husondin@gmail.com

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 9.-15.MAÍ

- 9.5 *Sigrún Sverrisdóttir, Kristín A. Sigurðardóttir Hammer*
10.5 *Helgi James Þórarínsson*
11.5 *Fannar Rafn Gíslason*
13.5 *Hildur Ásta Þórhallsdóttir*
14.5 *Karl Viðar Pálsson*
15.5 *Björn G Yngvason, Remus Sfara*

Brautskráning 2019

Ágætu Þingeyingar og velunnarar skólans.

Brautskráning nýstúdenta fer fram við hátíðlega athöfn í Íþróttahúsinu á Laugum laugardaginn 18. maí kl. 14:00.

Við bjóðum ykkur öll hjartanlega velkomin að gleðjast með okkur og þiggja kaffiveitingar að athöfn lokinni í matsal skólans.

Pennan sama dag fer aðalfundur hollvinasamtakanna Vinir Laugaskóla fram í Íþróttahúsinu kl 17:00.

Velunnar skólans eru hvattir til að mæta á þann fund.

Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

FÓTSNYRTING

Berglind Jónsdóttir fóttaðgerðafraeðingur
kemur í sveitina 15.maí og vill

Kvenfélag Mývatnssveitar bjóða eldri borgurum 67 ára og eldri í
fótsnyrtingu hjá henni í Íþróttamiðstöðinni.

Áhugasamir hafi samband við
Berglindi í síma 854-1101
Stjórn Kvenfélagsins

Hólasandur – Safntankur svartvatns

Skútustaðahreppur óskar eftir tilboðum í jarðvinnu og byggingu safntank
svartvatns á Hólasandi norðan Mývatns. Tankurinn er að mestu niðurgrafinn
og alfarið steinsteyptur. Verkstaður er um 13 km norðan Reykjahlíðar.

Helstu magntölur:

Steinsteypa	650 m3
Steypumót	2.500 m2
Bendistál	100.000 kg
Holplötur	600 m2

Verkið skal klárast að fullu fyrir 30. september 2019.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá kl. 12:00 föstudaginn 10. maí 2019.
Til að fá útboðsgögnin þarf að senda upplýsingar um nafn fyrirtækis, for-
ráðamann, netfang og síma til Snævarrs Arnar Georgssonar – á póstfangið:
snaevarr.georgsson@efla.is. Tilboðum skal skila til EFLU verkfræðistofu,
Glerárgötu 32, 600 Akureyri (3. hæð), eigi síðar en föstudaginn 24. maí
2019 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum,
eða fulltrúum þeirra, sem þess óska.

Skútustaðahreppur



DALAKOFINN

LAUGUM Í REYKJADAL - 4643344



Dalakofinn innleiðir KEA korts afslátt

Dalakofinn hefur ákveðið að veita afslátt gegn framvísun KEA korts;
5% af vörum í verslun (gildir ekki af tóbaki) og **15%** af veitingum á
veitingastað (gildir ekki af drykkjum).

Þrátt fyrir launahækkunar og hækkandi aðföng, hefur Dalakofinn ákveðið að
leggja sitt af mörkum til þess að breyta þeirri þróun sem verið hefur á
íslenskum veitingamarkaði síðastliðin ár, þar sem verð hækkar samhliða
launahækkunum, og gerir launahækkunar því skammunninn ávinning fyrir
hinn almenna borgara.

Með þessari ákvörðun er leitast við að koma til móts við nærsamfélagið og
norðlendinga sem eru að leita að góðum mat á sanngjörnu verði. Þessi aðgerð
er hugsuð til þess að auðvelda fólki að gera sér dagamun og fara út að borða,
og er vonin sú að KEA korthafar muni taka vel í þessa innleiðingu.

Engar breytingar verða gerðar á núverandi verði, gæði matarins eða stærð
skammtanna.

Að auki gilda eftirfarandi sértilboð gegn framvísun KEA korts:

- Maítilboð: 2 lítra gos fylgir með öllum 16" pizzum
- Helgartilboð 11.-12. maí: Ís í eftirréttt fylgir með öllum aðalréttum á
matseðli. Gildir ef borðað er á staðnum.

Verið velkomin!

www.dalakofinn.is



Birkir Fanndal hreppti Snaga mánaðarins fyrir apríl en hann sigraði með yfirburðum.

Óskum við Birki kærlega til hamingju með titilinn!

Snaginn segir þetta þá gott í bili, hann er farinn í sumarfrí en snýr aftur með haustskipunum.

Kær kveðja úr Jarðböðunum



Umsagnir óskast um Umhverfisstefnu Skútustaðahrepps

Umhverfisnefnd hefur undanfarna mánuði unnið að endurskoðun á Umhverfisstefnu Skútustaðahrepps.

Drögin verða aðgengileg frá og með 9. maí á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skutustadahreppur.is

Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um umhverfisstefnuna eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið thorsteinn@skutustadahreppur.is

í síðasta lagi fimmtudaginn 23. maí n.k.

Skútustaðahreppur



Menningarfélagið Gjallandi kynnrir:

2019/2020 VETRARDAGSKRÁ

September:

Létt menningarspjall #1

Október:

Létt menningarspjall #2

Kvikmyndakynning - Íslenskar bíómyndir

Félagsvist #1

Nóvember:

Létt menningarspjall #3

Bókaspjall

Námskeið - Auglýst nánar síðar

Desember:

Jólabókarspjall

Janúar:

Létt menningarspjall #4

Bókaspjall

Félagsvist #2

Febrúar:

Létt menningarspjall #5

Tónleikar

Mars:

Aðalfundur Gjallanda



(Ruslahreinsun)

(English below)

Plokkhátíð 2019



KJÖRBÚÐIN



Grímungar / Landeigendafélag Reykjahlíðar

Flugvallarvegur að Grímstaðaöxl

Mæting við flugvallarveg



Kvenfélagið og Gjallandi

Öxl að Arnarvatni

(að Sandvatnsbrekku)

Mæting við Grímstaðaöxl



Björgunarsveitin / Kiwanis /
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Garður að Másvatni

Mæting við Sel hótél



Mývetningur / Golfklúbburinn

Reykjahlíðarþorp, gamli vegur frá skóla,

Austurlandsvegur að Kröfluafleggjara,

vegurinn að Jarðböðunum

Mæting við Dyngjuna



Fjöregg / Landeigendafélag Voga /

Slysavarnarfélagið

Austurlandsvegur að Garði

(Grjótagjárvegur, Hverfjallsvegur og

Dimmuborgarvegur)

Mæting við Björk



Forsvarsmenn félaganna skipuleggja hreinsunina á hverjum stað.
Nálgist hanska, máls poka og svarta ruslapoka á hreppnum fyrir 17:00 en
við hvetjum einnig fólk til að koma með eigin vinnuhanska.
Gámavöllurinn á Grímstöðum opinn 18.00-19.30.
Fjöregg hvetur ykkur til að reyna að flokka eins mikið og mögulegt er.
Gott er að losa ruslið úr plast ruslapokum og setja pokana í endurvinnslu.
Grillveisla við Jarðböðin 19:00 og frítt í Jarðböðin fyrir ruslatínslufólk.
Við hvetjum fyrirtæki til að taka þátt í deginum og hreinsa í kringum sig.
Ólafur Þröstur +354 894 3433



Annual Clean-up Campaign 2019 - 21.May 17:30
Every spring the local government organizes picking up garbage around lake
Mývatn. It's a time to be part of our community and help keep our beautiful
area clean. Please feel free to join any of the teams organized and/or if you have
any questions about where to go or what to do, please contact us :) All partici-
pants are invited to the Nature baths at 19:00 for barbecue and free entrance to
the baths!

We encourage companies to join the day also.
Ólafur Þröstur +354 894 3433

Skútustaðahreppur



Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 27. mars 2019 breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem felst í breyttri legu Kröflulínu 3 og fjórum nýjum efnistökusvæðum hennar vegna. Við hönnun og umhverfismat línunnar var valin línuleið sem krafðist breytingar á aðalskipulagi næst Kröflustöð auk þess sem óveruleg breyting er á legu línunnar um 6-7 km austan Kröflusvæðisins.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

Guðjón Vésteinsson
Skipulagsfulltrúi
gudjon@skutustadahreppur.is



ZUMBA

Zumba verður í Hreyfivíku

29.maí - 17:00

(Frítt inn)

Valērija Kiškurno og Ingibjörg Jónsdóttir



Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

auglýsir eftir starfskrafti til að sjá um þrif.

Við óskum eftir manneskju/m til að sjá um þrif rannsóknastöðinni á Skútustöðum 1 í sumar, 1 x í viku á tímabilinu 15. maí til ágústloka.

Nánari upplýsingar hjá
Unni í síma 8974288 eða Árna í síma 8924281.



Málefni og verkefni Viðbragðsaðila

Íbúafundur Skjólbrekku
Mánudaginn 13. maí kl. 19:30.

- Dagskrá
- 19:30 Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri setur fundinn.
 - 19:35 Málefni slökkviliðs.
- Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri
 - 19:50 Málefni sjúkraflutninga.
- Eysteinn Kristjánsson HSN
 - 20:05 Málefni lögreglu.
- Halla Bergbóra Björnsdóttir lögreglustjóri
 - 20:20 Málefni almannavarna.
- Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn.
 - 20:35 Náttúruvárvöktun Veðurstofu Íslands.
- Kristín Jónsdóttir hópstjóri
 - 21:05 Umræður.
 - 22:00 Fundarlok.

Umsagnir óskast og Menningarstefnu Skútustaðahrepps

Velferðar- og menningarmálanefnd hefur undanfarna mánuði unnið að endurskoðun á Menningarstefnu Skútustaðahrepps.

Drögin verða aðgengileg frá og með 9. maí á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skutustadahreppur.is

Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um menningarstefnuna eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið thorsteinn@skutustadahreppur.is í síðasta lagi fimmtudaginn 23. maí n.k.

Skútustaðahreppur



Skútustaðahreppur

Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 24. apríl 2019 breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til samræmis við breytingu á deiliskipulagi Jarðbaðanna í Jarðbaðshólum á landnotkunarreit 328-S. Skipulagsuppdrætti er breytt þannig að í stað hringtáknis fyrir svæði 328 eru nákvæm mörk svæðisins færð inn á uppdráttinn. Landnotkun er breytt úr svæði fyrir þjónustustofnanir (S) í verslunar- og þjónustusvæði (V). Breytingin er í samræmi við fyrirhugaða stefnu um ferðaþjónustu.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

Guðjón Vésteinsson
Skipulagsfulltrúi
gudjon@skutustadahreppur.is

Aðalsafnaðarfundu Reykjahlíðarsóknar verður haldinn í Reykjahlíðarkirkju miðvikudaginn 15 maí nk og hefst kl 17.00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf, kosningar og reikninsskil.
Önnur mál, meðal annars ræddar fyrirhugaðar framkvæmdir.
Kaffiveitingar.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.
Sóknarnefndin.

Munið!

Mæðradagurinn er 12.maí

Skútustaðahreppur



Kynning á skipulagstillögum.

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps mun halda opinn kynningarfund skv. 4. mgr., 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á tillögu að deiliskipulagi fyrir tengivirki á Hólasandi. Kynningarfundurinn verður haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6 mánudaginn 13. maí n.k. kl. 16:00.

Tillagan verður einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: www.skutustadahreppur.is undir: Skipulagsauglýsingar (hnappur á forsíðu). Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Guðjón Vésteinsson,
skipulagsfulltrúi
gudjon@skutustadahreppur.is

Spennandi tímar!

Zumba

20.05.2019 - 17:00

ÍMS - Íþróttamiðstöð

(ATH. aðeins þarf að greiða fyrir aðgang að íþróttasal)

Valērija Kiškurno

Zumba í sumar verður auglýst nánar síðar



ZUMBA